

kvæmt athugun á venjum, sem leitt hefur í ljós, að almennt skiptist kaup þeirra stýrimanna, sem ekki fara í ferð, milli þeirra, sem vinna þau störf, sem þeir hefðu unnið, ef þeir hefðu verið á skipinu. Ber að leggja þessa venju til grundvallar og taka dómkröfur stefnanda til greina. Þó verða vextir ekki dæmdir hærri en 6% frá 1. janúar 1965. Málskostnaður þykir vera hæfilega ákveðinn kr. 1.900.00.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska landhelgisgæzlan, greiði stefnanda, Ásgrími Ásgeirssyni, kr. 5.508.50 auk 7% vaxta p. a. frá 1. júlí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 113/1967. **Hörður Einarsson**

gegn

Verzluninni Krónunni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hefur engin greinargerð horizt Hæstarétti.

Víxill sá, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu, er samþykktur af Guðmundi Kristjánssyni „pr. pr. Verzlunin Krónan“.

Lagt hefur verið fram í máli þessu vottorð borgarfégetans í Reykjavík, dags. 3. ágúst 1967, svohljóðandi: „Krónan verzlun, er skrásett í Reykjavík 10. júní 1922.

Einkaeigandi: Ágúst Eliasson.

Engin breyting á firma þessu hefur síðan verið skráð“.

Að svo vöxnu máli er ósannað, að Guðmundur Kristjánsson sé bær til að skuldbinda verzlunina Krónuna. Ber því að staðfesta héraðsdóminn. Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1967, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. júní 1967 af Herði Einarssyni héraðsdómslögmanni, Aðalstræti 9, Reykjavík, gegn Guðmundi Kristjánssyni, Básenda 6, Reykjavík, f. h. Verzlunarinnar Krónunnar, Mávahlíð 25, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 50.000.00, útgefins 18. maí 1967 af stefnanda og samþykkt af stefnda f. h. Krónunnar til greiðslu í Landsbanka Íslands hér í bæ 18. júní 1967, en á víxli þessum eru engir ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 50.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. júní 1967 til greiðsludags, kr. 150.00 í stimpil- og bankakostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega birt stefna. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins, sem hann er útgefandi að. Í skjölum málsins er þess ekki getið, hvort eða þá hvert samband Guðmundar Kristjánssonar er við téða verzlun, og verður því ekki séð, hvort hann getur skuldbundið verzlunina fyrir dómi. Af þessum sökum verður að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 114/1967. **Ólafur Sigurðsson**
 gegn
Búðaósi h/f
 og **Gísla Indriðasyni**.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dags. 1. ágúst 1967, sem Hæstarétti barst 14. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, vitninu Gísla Indriðasyni verði synjað að staðfesta vætti sitt og að varnaraðilja Búðaósi h/f verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Búðaós h/f krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi dómkröfur, og málsatvikum er eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómarinn hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. né 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.